

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlags um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn á skrifstofu Blönduósbæjar, þriðjudaginn 20. nóvember 2018, og hófst kl: 17:00-

Mættir: Hjálmar Björn Guðmundsson (Blb.), Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.), Jón Jóhannsson, Slökkviliðsstjóri, og Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Blb., sem jafnframt ritaði fundargerð. Magnús Valur Ómarsson (Blb.) boðaði forföll símleiðis.

Fundargerð:

Hjálmar Björn, formaður, setti fund, kl 17:00, og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin samþykkt og undirrituð, en hún hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, eftir síðasta fund.

2. Auglýsing um starf Slökkviliðsstjóra A-Hún.

Fyrir fundinum lá uppkast – drög að auglýsingu, um starf Slökkviliðsstjóra sem hafði verið til umfjöllunar á fyrri fundum. Þá upplýsti VOH um hvernig málum væri háttað í sambærilegum sveitarfélögum, varðandi tilhögun á starfi hlutastarfandi slökkviliðsstjóra, m.a. í Grundarfirði, Bolungarvík, en áður hefði legið fyrir samamburður við Húnaþing vestra. Einnig var rætt um auknar skyldur slökkviliða, og hvaða störf gætu hentað á með þessu starfi. Samþykkt að auglýsa starfið í Morgunblaðinu, Fréttablaðinu, Húna og Feyki og byggja á þeim drögum sem fyrir lágu, með starfshlutfalli frá 60 – 100% þar sem leyttast yrði við að finna starf á mótí, fyrir og með viðkomandi.

3. Gjaldskrá – Brunavarna Austur Húnavetninga

Farið var yfir tillögu að breytingum á Gjaldskrá, sem slökkviliðsstjóra hefði verið falið að endurskoða á milli funda, er varðar m.a. verð á þjónustu liðs. Gjaldskrá með tillögum að breytingum, I – V. Kafli, sem skiptast í 1–19. gr. Stjórn Brunavarna A-Hún., samþykkir verðbreytingar í gjaldskrá og sendir þær til staðfestingar sveitarstjórna Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps.

4. Önnur mál:

- Brunahanar – VOH upplýsti um verðviðmið, frá Tæknideild Blb., en áður hafði komið fram að brunahanar væru á ábyrgð/kostnað sveitarfélaga.

Rætt um næsta fund, í desember, m.a. vegna umsókna og fjárhagsáætlunar.

Fleira ekki gert, og fundi slitið kl 17:50-

Hjálmar Björn Guðmundsson (sign), Sverrir Þór Sverrisson (sign),

Jón Jóhannsson (sign),

Blönduósi 20. nóvember 2018

Valdimar O Hermannsson (sign)

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu
